

## **Stjórnarfundur Prentsöguseturs 03.03 2020 kl. 16:00**

**Fundarstaður:** Prentsögusetur, Laugavegur 29, 101 Reykjavík.

**Mættir:** Heimir, Sófus, Haukur, Svanur, Baldvin og Hörtur sem ritaði fundargerð. Katrín boðaði forföll.

**1. Opunarhátíð.** Fundarmenn voru ánægðir hvernig tókst til með opnun safnsins. Góð aðsókn á föstudag og laugardag.

**2. Rekstur safnsins.** Rætt var um hvernig ætti að standa að rekstri safnsins. Rætt var um að byrja að hafa safnið opið á laugardögum 13 – 15. Síðan mætti bæta við dögum þegar reynsla kemur. Rætt var um aðgangseyrir, Heimir stakk uppá að útbúa söfnunarbauk og nota hann til að byrja með. Það tíðkast í mörgum söfnum erlendis. Byrja með baukinn og sjá hvað kemur í hann. Það var samþykkt og nú vantar einhvern listasmíð til að útbúa smekklegan bauk. Aðrar fjáraflanir voru ræddar eins og t.d. að selja bolla/könnur merktar safninu, boli, bókamerki. Spurning hvort hægt væri að rukka eitthvað fyrir skólaheimsóknir. Waldorfskólinn hefur sýnt áhuga á heimsókn og einnig Prenttækni.

**3. Skilti.** Heimir lagði fram hugmynd af skilti til að setja á húsið við Laugavegin. Óskað var eftir að Heimir fengi verð í gerð þess.

**4. Aðalfundur.** Svanur lagði til að á aðalfundi yrði lögð fram tillaga um að hækka félagsgaldið í 4.000 kr. Var það samþykkt. Heimir mun hætta sem formaður og Svanur sem gjaldkeri. Komu fram tillögur um að Haukur yrði vélaður í formannsembættið. Tryggvi Þór hefur samþykkt að taka við gjaldkerastarfinu. Heimir og Svanur munu halda áfram að vinna með stjórninni (Svanur sem sérstakur spjaldskráritari og Heimir sem sérstakur ráðgjafi). Ýmsum nöfnum var kastað fram sem hugsanlegum stjórnarmeðlimum: Sófus, Heimir, Katrín, Málfríður, Svanur, Ágúst, Tryggvi Þór, Baldvin, Haukur, Hjörtur. Haukur lagði fram tillögu um að á aðalfundi yrði skipað 5 manna „starfsmannaráð“ sem mundi skiftast á að vera einn dag í setrinu og taka á móti gestum. Aðalfundur verður Haldinn 28. Mars að stórhöfða 31, 3. hæð.

**4. Reikningar.** Heimir lagði fram ýmsa reikninga sem hann hafði lagt út fyrir að upphæð 46.710. Voru þeir samþykktir og gjaldkera falið að greiða reikningana.

**6. Vélar og tæki.** Samþykkt væri að bjarga yrði Saumavél nunnanna frá Stykkishólmi sem er núna staðsett í fyrrverandi húsnæði Odda. Einnig er hnífur sem er hjá Geira í Skeifunni, þann hníf þarf ekki að taka strax. Þorsteinn er með áætlun um þetta.

Næsti fundur er boðaður 11. mars kl. 11:00